

Alþingi
Erindi nr. P 137/384
komudagur 24. 6. 2009

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og skatta nefnd og
Félags og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 24. júní 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál, þskj. 155.

Með tölvubréfi sem barst Jafnréttisstofu þann 22. júní 2009 óskaði efnahags- og skattanefnd eftir umsögn stofunnar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál, þskj. 155. Jafnrframt barst Jafnréttisstofu beiðni frá Félags- og tryggingamálanefnd um að fulltrúi stofunnar mæti á fund nefndarinnar. Því miður var ekki hægt að verða við þeirri beiðni með svo stuttum fyrirvara. Umsögn Jafnréttisstofu fer hér á eftir og er hún ætluð báðum nefndum.

Tíminn sem gefinn var til að skrifa umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum var mjög naumur en það felur í sér breytingar á fjölmörgum lögum. Til að átta sig á afleiðingum þessara breytinga fyrir hvort kyn um sig hefði þurft að kalla eftir ýmsum upplýsingum, svo sem um fjölda kvenna og karla sem hafa tekjur umfram bætur, hversu háar og hvernig þær tekjur skiptastmilli kynja o.s.frv. Vegna tímaskorts takmarkast umsögn Jafnréttisstofu við þær greinar frumvarpsins sem líklegastar eru til að hafa áhrif á stöðu kynjanna með ólíkum hætti. Það þýðir ekki að engar athugasemdir gætu verið við aðrar greinar frumvarpsins, en ekki eru tók á því að fara yfir öll atriði frumvarpsins innan þess tímaramma sem gefinn var.

Breyting á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar með síðari breytingum.

14. gr. í C-lið greinarinnar er frítekjumark ellilífeyrisþega stórlega lækkað, eða úr kr. 1.315.200 á ári í kr. 480.000.- Ljóst er að þessi breyting mun koma illa við marga, ekki síst vegna þess að breytingin á að ganga í garð strax þann 1. júlí. Íslendingar 67 ára og eldri eru , skv. tölum frá Hagstofu Íslands, 32.408. Karlar eru 14.618 og konur 17.790. Konur eru því 3.172 fleiri en karlar í þessum aldurshópi. Því má leiða að því líkur að þessi skerðing geti komið verr niður á konum en körlum.

Breyting á lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra með síðari breytingum.

17. gr. Sömu athugasemdir og við 14. gr. hér að ofan.

Breyting á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

18. gr. Í frumvarpinu er lagt til að réttur foreldris til töku fæðingarorlofs falli niður þegar barnið nær 36 mánaða aldri, í stað 18 mánaða eins og er skv. gildandi lögum. Í greinargerð með frumvarpinu er enginn rökstuðningur fyrir því að lengja tímabilið sem foreldrar eiga rétt á því að fara í fæðingarorlof. Jafnréttisstofa telur, að með því að lengja tímabilið svona mikið, án þess að lengja fæðingarorlofið sjálft, geti skapast hættu á því að markmiðum laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof verði ekki náð, og að í raun geti þessi breyting, ef hún nær fram að ganga, unnið gegn tilgangi og markmiðum fæðingarorlofslaga.

Þessi fyrirhugaða breyting getur leitt til þess að feður sérstaklega taki ekki heildstætt fæðingarorlof, heldur taki það í smærri/smáum skömmtum, eftir því sem vinnuveitendum þeirra hentar, ekki síst við núverandi aðstæður er margir óttast um atvinnuöryggi sitt. Meðal helstu markmiða laga um fæðingar- og foreldraorlof er að skapa föður og móður sömu tækifæri til að sinna bæði fjölskyldu og starfi utan heimilis, sjá greinargerð með frumvarpi að lögum umfæðingar- og foreldraorlof, þskj. 1065, 125. löggjafarþing, 623. mál. Ennfremur segir í þeirri greinargerð: „Frumvarpi þessu er því meðal annars ætlað að auðvelda útivinnandi foreldrum, bæði mæðrum og feðrum, að samræma þær skyldur sem þeim eru lagaðar á herðar í starfi og fjölskyldulífi.“ Með því að opna á þann möguleika að dreifa orlofmu svo mikið sem fyrirhuguð breyting gerir ráð fyrir, er líklegra en ekki að mæður standi verr að vígi á vinnumarkaði. Þær geti ekki farið aftur út á vinnumarkaðinn því feðurnir taki ekki, eða fái ekki að taka fæðingarorlof samfelld. Staða foreldranna á vinnumarkað verði því ójafnari en nú er.

Einnig getur þessi fyrirhugaða tímallenging gert það að verkum að feður fái ekki að njóta samvista við ung börn sín í sama mæli og mæður, og því skapist ekki þau tengsl milli feðra og ungra barna sem æslikeg eru fyrir alla aðila. Enn fremur getur fyrirhuguð breyting á 18. gr. unnið gegn markmiði laganna nr. 95/2000 um að stuðla að jafnri foreldraábyrgð.

Breytingin, ef af verður, getur auk þess leitt til þess að staða barna verði ekki eins góð og nú er. Ung börn fari á mis við að njóta samfelldra samvista við foreldra á heimili t.d. framað 9 mánaða aldri eins og nú er algengt. Þau verði fyrr sett í vistun á daginn og tengslamyndun verði því ekki með sama hætti og fæðingarorlofslögin gera ráð fyrir.

Jafnréttisstofa leggst því gegn þessari breytingu.

19. gr. Í frumvarpinu er lagt til að hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi verði lækkaðar úr kr. 400.000.- á mánuði í kr. 350.000. Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð þá er þetta lagt til, í þeim tilgangi að minnka útgjöld Fæðingarorlofssjóðs vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í ríkisfjármálum. Jafnréttisstofa telur að þessi lækkun greiðslna geti leitt til þess að færri feður taki fæðingarorlof en verið hefur undanfarið. Jafnréttisstofa skilur ástæður þess að leggja tilgreinda lækkun til og leggst því ekki gegn henni. Jafnréttisstofa leggur þó ríka áherslu á að þessi lækkun, ef af verður, verði endurskoðuð um leið og aðstæður í ríkisfjármálum verða betri, eins og fyrirheit eru gefin um í greinargerðinni.

Rétt er einnig að benda á það að fleiri atriði en lækun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði geti leitt til þess að færri, sérstaklega feður, taki fæðingarorlof á næstu misserum. Reynslan kennir okkur að á krepputímum dregur fólk úr barneignum meðal annars vegna atvinnuleysis, minni tekna og ótryggs atvinnuástands. Það er því afar líklegt að greiðslur úr fæðingarorlofssjóði lækki af þeim orsökum en það kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkra mánuði.

Virðingarfyllst

f.h. Jafnréttisstofu

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur